

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi miðhverfis Setbergs, Stekkjjarberg 9 (Lindarberg) í Hafnarfirði.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 31. maí 2005 breytingu á deiliskipulagi miðhverfis Setbergs, Stekkjarberg 9 (Lindarberg) í Hafnarfirði. Breytingin varðar deiliskipulag miðhverfis Setbergs frá 30. desember 1993. Stærð lóðar er 6.684,4 m² og felst breytingin í nýjum byggingarreit fyrir einbýlishús með innisundlaug auk vinnuaðstöðu fyrir heimilisfólk og gestaaðstöðu. Húshlutar verða ýmist stakir eða samtengdir allt að 5 m á hæð og 300 m² húsnæðis mega vera 8 m. Hámarks byggingarmagn er 1000 m² og nýtingarhlutfall er að hámarki 0,15. Gert er ráð fyrir a.m.k. 5 bílastæðum á lóðinni. Farið var með breytinguna samkv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og tæknisviði Hafnarfjarðar, 10. janúar 2006.

Anna Sofia Kristjánsdóttir arkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 20. janúar 2006